



Ferð til El Salvador og Nicaragua á vegum  
Jarðhitaskólans í október 1990

**Sverrir Þórhallsson**

Greinargerð Sþ-90-02

 ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

1. nóvember, 1990

FERÐ TIL EL SALVADOR OG NICARAGUA  
Á VEGUM JARDHITASKÓLANS Í OKTÓBER 1990

INNGANGUR

Dagana 6.-20. október fór Sverrir Þórhallsson yfirverkfr. á Jarðhitadeild á vegum Háskóla Sam einuðu Þjóðanna (Jarðhitaskólans) til Mið-Ameríku. Tilgangur fararinnar var að flytja erindi á jarðhitaráðstefnu Suður- og Mið-Ameríkurskála í El Salvador og einnig að ræða við níu manns sem tilnefndir hafa verið til náms við Jarðhitaskólan. Ennfremur voru jarðhitastofnanir og virkjanir í El Salvador og Nicaragua skoðaðar en það eru einu Suður- og Mið-Ameríkurskin sem hafa virkjað jarðhita til þessa fyrir utan Mexíkó.

Í eftirfarandi greinargerð verður lýst því helsta sem fram kom um atriði sem snerta Jarðhitaskólan, þörf fyrir þjálfun og val á nemendum. Sér eyðublöð UNU eru fyllt út um viðtöl við hvern nemanda og um heimsókn til viðkomandi stofnana.

Jarðhitaskólinn hefur til þessa þjálfað 19 nemendur frá löndunum sem að ráðstefnunni stóðu (Organización Latinoamericana de Energía, OLADE og CEAC) og hefur þrífvis verið farið til Nicaragua áður til vals á nemendum (Ingvar Birgir Friðleifsson 1980, Axel Björnsson 1982 og Benedikt Steingrímsson 1990). Einn nemandi kom frá Nicaragua 1981 (nú í Bandar.) og tveir eru að ljúka námi nú. Þetta er fyrsta ferðin til El Salvador á vegum Jarðhitaskólans, en þaðan hefur aðeins komið einn nemandi (Luis Zuniga, 1980).

FERÐASAGA

Farið var um Orlando og Miami til San Salvador þann 7. október og varð ég að skipta um flugfélag í Miami, þar eð bandarískt félag neitaði að flytja mig án vegabréfsáritunar, en TACA flugfélag El Salvador féllst á það. Ráðstefnan "International Seminar on Geothermal Prospects in Latin America and the Caribbean" stóð dagana 8-11 október og var haldin á El Presidente hótelinu og hana sóttu liðlega 160 manns (sjá þáttökulista í viðauka). Á ráðstefnunni flutti ég erindið "Geothermal Energy in Iceland and the United Nations University Geothermal Training Programme" sem Ingvar Birgir Friðleifsson og ég erum höfundar að. Einn morgunn fór í að skoða vel búnar rann-

sóknarstofur GEOCEL og 11. október var farið í dagsferð til Ahuchapan (70 MW) og Chipilapa (2 x 5 MW í smiði). Rætt var við fimm nemendur sem voru tilnefndir til náms á Íslandi.

Flogið var til Managua 12. október og olli vega bréfsáritunarskortur einnig smáerfiðleikum. Þá var komið fram á helgi og var mér fenginn spönsku mælandi bílstjóri INE Oscar Danilo Nunez Gonzalez að nafni sem þeysti með mig um landið. Í Nicaragua var fremur fátækleg aðstaða rannsóknar fólks skoðuð og einnig virkjunin í Momotombo (70 MW). Þar flutti ég erindi um jarðhita á Íslandi fyrir 20 manns og kynnti sérstaklega niðurstöður vinnslueftirlits í Svartsengi og loka ngerð. Rætt var við fjóra nemendur í Managua. Flogið var frá þaðan 18. október um Miami og New York.

JARÐHITARÁÐSEFNAÐ

Að ráðstefnunni stóðu samtökin OLADE og CEAC. OLADE samtökin hafa stuðlað að jarð hitarannsóknum með því að gefa úr handbækur um skipulagningu þeirra (methodology) og einnig hafa samtökin útvegað styrki til yfirlitsrannsókna sem flestar voru unnar af Ítölu. Á ráðstefnunni var flutt röð fyrillestra þar sem lýst var stóðu rannsókna og virkjunar í flestum löndum álfunnar (sjá ráðstefnuerindi sem sfðar verða gefin út). Alls hafa 1201 jarðhitasvæði fundist í álfunni, 92 forathuganir hafa verið gerðarar og 25 "feasibility studies" unnar. Nú eru fimm (5) jarðhitasvæði nýtt með samtals 865 MW af uppsettu afli. Aberandi er að frekar lítið hefur áunnist í flestum þessara landa og er fjárskorti boríð við. Andreas Merla frá Geotermica Italiana kynnti gróft jarðhitamat þar sem svæðin voru flokkuð í þrennt eftir hitastigi og komst hann að þeirri niðurstöðu að samanlagt gæti álfan framleitt 141-167 GWár af raforku sem samsvarar 5600-6700 MW í 25 ár (sambærilegt mat af Íslandi metur forðann rétt helmingi minni). Nokkuð kom á óvart að áhugi er á lághitanýtingu í Argentínu og Venezuela og hefur þegar verið virkjaður í Brasilíu fyrir límtrés verksmiðju og til framleiðslu á duft-kaffi.

Einn morguninn var þjálfun sérfraðinga rædd í sér "session" og voru þrír frummælendur: Sverrir

Pórhallsson (Ísl.), Derek H. Freeston varaforstöðumaður Auckland Geothermal Institute (Nýja Sjál.) og Héktor E. Campbell Ramírez, Coordinator de la Especialidad en Geotermia, Univ. Autónoma de Baja California (Mex.). Jarðhitaskólunum á Íslandi (93 nemendur) og á Nýja Sjálandi (331 nemar 1979-1990, þar af 38 með mastersgráðu) var þar lýst ítarlega, en Héktor flutti yfirlit um þá þjálfun (samtals 922 nemar útskrifaðir á 20 árum, 209 frá Suður- og Mið-Ameriku) sem í boði er á þeim fimm stöðum sem hana er að finna í dag þ.e. á Íslandi, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó og Japan. Athyglisvert var að í allri umræðu og í einkasamtölum kom fram að íslensku og nýsjálenksk skólanir eru í mestum álitum. Einnig vakti eftirtekt að langflestir sem sækja nýsjálenkska skólanir fá háskóla "Diploma", frekar en viðurkenningu, að loknu aðeins 12 mánaða námi - en af þeim fara 3 mánuðir í enskunám. Mexikanar hugsa sér stærri hlut en hefur miðað hægt í að byggja upp námsbrautina, með 44 nema 1973-1989. Kom og fram að hinir skólanir eru að bæta sig og var nú jafnvel talin þörf á að koma á laggirnar þjálfun fyrir leiðbeinendur "Train the trainers". Einnig var bent á nauðsyn þess að gera ráð fyrir kostnaði við þjálfun við ný verk og að fyrirtækin leggi fram fél til þess. Var þetta atriði hluti af niðurstöðum ráðstefnunnar.

Þótt Mið-Amerískur skíði búi yfir talsverðum jarðhita og hann sé einnig að finna hátt í Andesfjöllunum í Suður-Ameríku, þá vantar mikið á að stóratak verði gert í virkjun hans því efnahagsástand í löndum er slíkt að þau verða helst unnin sem þróunaraðstoð. Athyglisverð þróun á sér stað í Mexíkó þar sem nýr forstjóri jarðhitadeildar rafmagnsveitnanna Comisión Federal de Electricidad (CFE) Gerardo Hiriart Le Bert hefur gert róttækjar breytingar, hefur m.a. sagt upp helming starfsmanna sínna og falið einkafyrirtækjum gufuöflun og viðhald. Þannig hefur hann nú gert samning um gufukaup í Cerro Prieto að undangengnu útboði sem fimm fyrirtæki tóku þátt í og viðhaldsvinna er aðkeypt. Nefndi hann að við þessa breytingu hefði virkjunin fyrst fengið næga gufu og hefði aflu hennar komist úr 500 MW í yfir 600 MW, ásamt því að erfiðleikar í borun sem höfðu oft valdið fyrirtækinu miklum kostnaði hefðu verið leyst. Taldi hann að þessar breytingar muni örva fjárfestingu einkafyrirtækja í jarðhitavirkjunum. Hrærði hann nokkuð upp í mönnum þegar hann sagði að fyrirtæki sitt hefði ekki getað beðið eftir því að jarðfræðingar, jarðeðlisfræðingar og jarðefnafræðingar yrðu á eitt sáttir um lískan af svæðinu og hvar ætti að bora. Þarna yrði að koma til þor til að taka áhættu sem sérfræðinga skorti oft. Þetta fyrirkomulag hefði sparnað í för með sér t.d. vegna mikils kostnaðar af völdum ofmönnumnar og áhuga borfyrirtækja á að lækka borkostnað. Einnig mátti skilja á Hiriart að einkafyrirtækin hefðu aðgang að áhættu- og lánsfí sem rafmangsveiturnar gætu ekki aflað á sama hátt. Þau fyrirtæki sem selja gufu nú hafa hingað til fengið sérfræðiaðstoð frá CFE og Instit.

Investigaciones Electricas (IE) og sagði jarðhitadeildarstjóri þess síðarnefnda að þeir fognuðu þessari breytingu því oft hefði reynst erfitt að hafa aðeins einn verkkaupa að ráðgjafarþjónustu (CFE) og engar horfur væru á að einkafyrirtækin sæju sér hag í að stofna eigin rannsóknardeildir.

Einnig eru erlend fyrirtæki (Unical) farin að bjóða virkjanir gegn raforkusölusamningum um 0,07 USD/kWh t.d. í Guatemala. Ítalir hafa haft sig mikið í frammi og unnið langflest ráðgjafarverkefnin í þessari álfu.

Samhliða ráðstefnunni var vörusýning og sölumenn og ráðgjafar iðnir við að bjóða þjónustu sína. Einkum eru það Mexikanar sem eru að sækja í sig veðrið með borfyrirtæki (Perf. Latina), röraframleidendur (Tamsa) og ráðgjöf í jarðhitaleit og forðafræði (IE, CICESE).

## RANNSÓKNARSTOFA GEOCEL

Í útjaðri San Salvador eru rafmagnsveiturnar Comision Ejecutiva Hydroelectrica Del Rio Lempa (CEL) með jarðhitadeildina (GEOCEL) og rannsóknastofu og í næstu húsum er verkfræðideildin og önnur tæknistarfssemi (TECHNICEL). Þar fer þjálfun starfsmanna einnig fram í nýlegum húskynnum. Morguninn 10. október fór ég með svíðstjóra virkjanasviðs Alejandro Quintilla ásamt Derek Freeston aðsoðarforstöðumanns nýsjálenkska jarðhitaskólans til að skoða aðstöðuna, en hún var ekki almennt til sýnis fyrir ráðstefnugesti. Forstjóri jarðhitadeildarinnar er Rodolfo Caceres og er deildinni skipt upp í undirdeildir eða svið eins og sýnt er á skipuríti í viðauka og þar er einnig að finna nöfn svíðstjórnanna. Starfseminni GEOCEL skiptist í þrjú svið:

1. Virkjanasvið (Explotacion Geotermica) með sér kjarna fyrir hvert jarðhitavæði: Ahuachapan 90 manns, Berlin 50 manns og Chipilapa 20 manns. Sér um rekstur, viðhald, mælingar í holum o.fl.
2. Verkfræðisvið (Proy. Geotermoelec.) sér um hönnun á virkjunarbúnaði, tvífasa lögnum og skilgreinir einnig þörf fyrir rannsóknir o.fl.
3. Jarðhitaleitarsvið (Exploracion Y Evaluacion de Campo) er í borginni Sanata Ana sem er í 60 km fjarlægð frá San Salvador ekki langt frá Ahuachapan. Starfsemin skiptist í jarðefnafræði, jarðeðlisfræði og jarðfræði og starfa þar 70-80 manns alls, þar af 12 sérfræðingar. Einnig er þar kjarni sem annast bortækni með 6 sérfr. og 30 manns.
4. Vísir er að rannsóknastofnun (Centro Investigaciones Geothermicas) sem kannar m.a. nýjar leiðir til jarðhitánýtigar en þar á meðal er fyrirhugað að reisa kaffibúrkunarstöð við holu 26 í Ahuachapan.

Á rannsóknastofunni í San Salvador starfa um 30 manns við efnagreiningar, bergfræði, mælingar á kjörnum og verkefnastjórn. Alls starfa um 300 manns á jarðhitadeildinni GEOCEL (án starfsmanna virkjunarinnar sem eru um 100 talsins), en samtals starfa hjá CEL um 3000 manns og er það stærsta fyrirtæki landsins. Af 50 sérfræðingum GEOCEL eru flestir verkfræðingar og aðeins 10 með annað nám að baki t.d. í jarðfræði. Stafar þetta m.a. af því háskólinn í Costa Rica er eini háskólinn í Mið-Ameriku sem býður upp á þess-háttar nám. Á þessu sviði er mikil þörf fyrir þjálfun og lagði ég því áherslu á að fá nemendur af jarðhitaleitarsviði sem Josea Martinez veitir forstöðu, en hann er iðnaðarverkfræðingur að mennt. Hann tók þessum ábendingum vel og voru allir nemendurnir sem ég ræddi starfsmenn hans.

Tækjakostur til efnagreininga á rannsóknastofuninni er góður eins og sjá má af eftirfarandi lýsing: Dionex series 2000i/SP + Integrator 4270 jónagreinir, Perkin Elmer Sigma 115 chromatograph, Perkin Elmer AA, Milton Roy Spectronic litgreinir, Buhler tæki til þunnsneiðagerðar, Pachard Liq. Scintillation Counter ( $I_{131}$  ísótópar) og einföld tæki til að mæla poruhluta og lekt kjarna. Alls eru 300 sýni af vatni og gasi greind árlega og starfa við það fimm efnafraðingar, 10 manns í allt. Jarðhitaleitarsviði sem er í Santa Ana á tæki til viðnámsmælinga, þyngdarmælinga og segulmælinga auk tækja til efnasýnatöku.

Aðspurður sagði Rodolfo Caceres forstöðumaður deildarinnar að helsta vandamálið væri mikill niðurdráttur í Ahuachapan (15 bör). Þar var dælt niður í 7 ár, en hætt við að mestu þegar nokkurar kólnunar varð vart. Einnig vantar hæfa sér-fræðinga "good guy" og tölvubúnað til túlkana á þeim gögnum sem safnað hefur verið. Nokkrar PC tölvur voru á rannsóknastofunni og sögðust þau hafa WATCH 1 og 3 forritin íslensku til túlkana á efnagreiningum (afr. fengið í Mexico), en okkur voru ekki sýndar niðurstöður. Þeir hafa fengið aðstoð frá Berkeley og Stanford við lískangerð, m.a. unnu Guðmundur Böðvarsson og Benedikt Steingrímsson skýrslu á vegum Lawrence Berkeley Lab um vinnsluna í Ahuachapan sem okkur var sýnd (1989). Ókostur við heimsókn sem þessa, sem stóð í two og hálfan tíma, er að tækifæri gefst ekki til að skoða gögn og skýrslur og kynnast stöðu í verkefnum. Framkvæmdum í Berlin var þó lýst ítarlega enda vorum við í fylgd Alejandro Quintilla stjórnanda virkjanasiðs og Carlos Escobar sem er aðstoðar-sviðstjóri sömu deildar. Belgumenn hafa gefið þeim two 5 MW gufuhverfla, og áform eru uppi um 55 MW stöð í Berlin framtíðinni. Athuganir eru einnig í gangi á Coatepeque og San Vicente jarðhitasvæðunum og er miðað við að færarlegu 5 MW hverflarnir verði fluttir þangað frá Chipilapa og Berlin seinna meir. Kostnaður við fyrirliggjandi áform um rannsóknir og virkjanir sem muni auka aflið í 245 MW er um 300-350 millj. USD (2000 USD/kW).

## SKOÐUNARFERÐ TIL AHUACHAPAN OG CHIPILAPA

Á vegum ráðstefnunnar var boðið í skoðunarferð til virkjunarinnar í Ahuachapan (2 x 30 MW + 35 MW = 95 MW) og einnig til Chipilapa jarðhitasvæðið þar sem boranir standa nú yfir. Á milli svæðanna eru aðeins nokkrir klíómetrar og eru þau í hlíðum gígaraðar þar sem víða má sjá gufuaugu. Virkjunin er hefðbundin jarðgufuvirkjun með hverflum frá Mitsubishi og Fuji. Íslendingar tóku virkan þátt í undirbúningsrannsóknunum fyrir virkjunina fyrir tuttugu árum á vegum Sameinuðu Þjóðanna undir stjórn Sveins Einarssonar verkfr. Fennit hefur í slóð þeirra, en enn má sjá vottorð um þjálfun sem Sveinn hefur skrifaað upp á og einnig minntist einn verkfræðingurinn á afrek Ísleifs Jónssonar verkfr. við að koma fyrstu holunni í blástur með því að þrýsta niður vatnsborðinu með loftpressu, sem þá var nýjung. Ískyggilegast við virkjunina nú er að hún framleiddi aðeins 37 MW daginn sem hún var skoðuð og er ljóst að gufuskorti er um að kenna (heimamenn seigja virkjunina geta framl. um 65-70 MW). Í fylgd Pablo Panameno efnaverkfr. forstöðumanns rannsóknastofnunarinnar skoðaði ég mikil tafker þar sem affallsvatnið dvelur í 15 mínútur áður en það er leitt um 60 km leið til sjávar í steypum stokki. Á að giska gæti rennslið hafa numið um 300 l/s. Því er safnað við hverja borholu og leitt í þróna um steyp skolprör. Talsvert þykk kfsilhúð var á skilrúmunum í þrónni sem er hreinsuð einu sinni á ári, en vatnið sjálft var tært.

Rekstur virkjunarinnar og jarðhitasvæðisins er að-skilinn og skoðuðum við holutopp, verkstæði, skrifstofur og tækjabúnað þeirra sem reka svæðið og einnig virkjunina sjálfa. Virtist flest í góðu ásigkomulagi. Fuji hverfillinn var í upptekt og var of mikil slit á öftustu tveimur þrepunum og voru jafnvel stellst harðmálmsskyldir slitnir. Ekki var þó talin þörf að endurnýja blöðin að þessu sinni. Stjórnþánaðurinn er heldur gamaldags, enda hefur virkjunin verið starfrækt í 15 ár. Gufupúði hefur myndast á svæðinu og eru nokkrar holar sem gefa um helming gufunnar þurrar. Mjög alvarleg afleiðing gufupúðans kom í ljós tveimur dögum eftir heimsóknina, þegar gufu-sprengigos varð 25 frá holu 9 sem er í útjaðri svæðisins. Sjóðandi leðja kaffærði nærliggjandi svæði og myndaðist gígur 100 m að þvermáli. Hörmulegast var að 14 manns, sínar svæðisins, léztust af völdum brunasára fyrsta daginn og um 10 til viðbótar voru á spítala þegar sfðast fréttist. Samkvæmt upplýsingum Derek Freeson hafa svipaðir atburðir gerst átta sinnum á Wairakei svæðinu á Nýja Sjálandi á seinni árum, en án manntjóns. Þetta er hætt að gefa meiri gaum.

Chipilapa jarðhitasvæðið er í ca 6 km fjarlægð frá virkjuninni og hafa Frakkar (þróunaraðstoð - CFG, Ahlstrom, Foramines). Þar er fyrirhugað borun

þriggja hola og hafa þeir þegar sent two 5 MW gufuhverfla til landsins. Ekki hefur áður verið borað þar og olli árangurinn vonbrigðum, aðeins 190°C á 1500-2500 m dýpi og tókst ekki að koma annari holunni í gos en hin gaus aðeins í hálfa klukkustund. Nú er verið að bora þriðju holuna - niðurdælingarholu! Verk þetta er illa undirbúið af Frökkum og gerðu þeir aðeins "ground noise" mælingar en byggðu staðsetningu á kvikasilfursmælingum í jarðvegi auk annara eldri athugana. Þótt Frakkar hafi ekki enn breytt áformum sínum um virkjun á þessu svæði vekur meiri furðu að Mexicanar (IE) eru að hefja borun fimm hola þar á næstu mánuðum til að bæta tveimur hverflum við. Einnig er áformað að mexikanski borinn (Latina) bori niðurdælingarholu í Berlin. Í Berlin er verið að ljúka við tvífasa lögning yfir holt og hæðir, en hverflarnir hafa enn ekki verið settir upp vegna ótryggs ástands. Fyrir tveimur árum var borinn þeirra eyðilagður og fyrir ári síðan var holutoppur faglega skorinn af borholu með sprengiefni, án manntjóns. Það kom ekki að sök því holan lá niðri og hefur holutoppurinn verið endurnýjaður. Aðspurður um áhrif ófriðarins í landinu á daglegt líf fólk sem ynni hjá rafmangaveitunum var svarið það að þetta væri áhætta sem búa yrði við, svipað og gilti um Íslendinga og goshættu!

Á "Haceinda La Labor" = Vinnan var samnefnt jarðhitasvæði skoðað þar sem sjóðandi hverir eru í um hálfs kilometers fjarlægð frá þeim stað sem verið er að bora niðurdælingarholu. Mexikanar (IE) hafa rannsakað þetta svæði nýlega og vann væntanlegur styrkþegi HSP 1991, Carlos R. Pullinger jarðfr., sem aðstoðarmaður þeirra við jarðfærðikortlagningu.

#### VIÐTÖL VIÐ STYRKPEGA Í EL SALVADOR

Ég hafði meðferðis bréf frá Ingvari Birgi Friðleifs-syni þar sem El Salvadorbúum var boðið að tilnefna nemendur með það í huga að einn fengi námsdvöl á næsta ári. Í fyrstu voru viðbrögðin frekar dræm og gjarnan spurt af hverju ekki hefði borist boð um námsdvöl á undanförnum árum, en eftir að ég náði tali af aðalforstjóra CEL, Carlos Hayem, fóru hjólin að snúast og ræddi ég við fimm nema sem allir voru starfsmenn jarðhitaleitarsviðs en þeir voru:

1. Carlos R. Pullinger, jarðfr. (námajarðfr.), 24 ára, útskr. New Mexico Inst. of Mining and Technology 1987. Unnið með Mexikónum að kortlagningu. Áhugi á námi í "exploration geology". Ums.: Verði boðin námsdvöl 1991.

2. Jaime Armado Arévalo Martínez, vélaverkfr., 33 ára. Vélaverkfr. Hásk. El Salvador 1985. Lauk þriggja mánaða þjálfun í bortækni við Jarðhitaskólan í Mexico júní 1990 og hefur setið styrti námskeið hjá tækjaframleiðendum (1989). Vinnur nú sem annar tveggja efirlitsmanna GEOCEL á

borstað með borverki Foramines. Hefur hug á að sémennta sig í skáborun, enda er hannar þörf t.d. í Berlin. Enskukunnáttu sæmileg og spurning hvort hægt verður að hafa hann sem nema 1991 þar eð engin skáborun verður hér á landi og einnig mætti málakunnáttu vera betri. Ums.: Nemandi 1991 eða 1992.

3. Hugo Renato Jacobo Cataneda, iðnverkfr., 32 útskr. Univ. Centroamericana 1982 og hefur lokið við 90% af jarðelisfræðipensúmi 1987 við Univ. Nat. de El Salvador. Hefur hlutið þjálfun Los Alamos í viðnáms- og þyngdarmælingum og hjá CICESE í MT mælingum. Hefur áhuga á þjálfun í úrvinnslu þyngdar- og segulmælingum. Í jarðeðlisfr. eru tveir starfandi sérfr. og hafa báðir starfa í 3 ár. Annar þeirra er nú í námi á Nýja Sjálandi og umsækjandi er hinn. Hann kýs að fá þjálfun 1992.

4. Zibda Osorio Dimas, efnaverkfr., kona 35 ára. Hún hefur starfað í eitt ár hjá GEOCEL í Santa Ana við sýnatöku. Hefur áhuga á námi í túlkun sýna við jarðhitaleit. Enskukunnáttu nánast engin. Ums.: Þarf að bæta enskukunnáttu og spurning um aldur. Mikil þörf er á þjálfun á þessu sviði.

5. Ruben Antonio Loy, byggingaverkfr., 40 ára. Univ. de El Salvador 1977. Hann er aðstoðarmaður þess sem veitir bortækninni forstöðu Carlos Monge og er í stjórnunarstarfi. Hann kemur tæplega til greina vegna aldurs og sérsviðs, þótt enskukunnáttu sé góð.

Almennt má segja um El Salvador búa sem ég átti samvinnu við var að það kom vel fyrir og sýndi þjálfun á Íslandi áhuga. Einnig nefndu þeir áhuga á námskeiðum sem fram fáru hjá þeim og að Íslendingar í framhaldsnámi gætu fengið starfsaðstöðu við doktorsverkefni.

Í lokin ræddi ég við yfirmenn GEOCEL og þjálfunarstjóra, Rafael Juárez Rodríguez, og voru þeir ánægðir að heyra að Pullinger yrði fyrir valinu og hugsanlega að Jaime kæmist einnig í nám á þessu eða næsta ári ásamt Hugo.

#### NICARAGUA

Ég flaug með Roger Arcia og tveimur Ítölum til Managua. Enginn var til að taka á móti mér og fór ég því á hótel Intercontinental og síðan beint á skrifstofu jarðhitadeidar INE sem er í hrörlégum fyrverandi barnasípitala þar rétt hjá. Náði ég rétt tali af Ernesto Martinez Tieffer forstöðumannni jarðhitadeildarinnar, en han var upptekinn því Italimir fóru beint af flugvellinum til fundar við hann og Roger. Náði ég þó að skipuleggja dvölinu þ.e. viðtöl við nemendur, skoðun rannsóknaraðstöðu og ferð til Momotobo, ásamt því að flytja fyrirlestur á meðan dvölinni stæði. Var mér síðan fenginn bíll með blástjóra til yfirráða um helgina sem gekk í hönd. Voru þetta mun betri

móttökur en Derek Freeston fékk þegar hann kom á sunnudagsmorguninn, því enginn gaf sig fram fyrsta daginn og gat ég leiðbeint honum þegar ég kom úr ferðinni um kvöldið. Eftir það áttum við samfot að miklu leiti næstu two dagana.

Ég skoðaði gíginn í eldfjallinu Masaya sem gaus 1783 og myndarlegt jarðfræðisafn sem þar hefur verið byggt og einnig litskrúðugan útimarkað í samnefndri borg. Masaya-Granada mun vera eitt álitlegasta háhitasvæði landsins en óvist hvort leyfi fæst til virkjunar þar. Á laugardeginum lá leiðin um Nidiri og kom ég á heimili fjölskyldu Mario Gonzalez sem var nemi HSP í ár og hitti konu hans, son og tengdafólk. Áhugavert einkasafn var einnig skoðað í bænum. Loks var ekið til Granada þar sem margar byggingar eru frá nýlendutíma Spánverja og eru hestvagnar enn algeng farartækni. Loks var sjávarþorpið Cassares skoðað. Á sunnudeingum var farið til sólarstrandinna Ponchomil og Ideco jarðborinn skoðaður, sem legið hefur þar í óhríðu í fjögur ár og ekki lokið við borun rannsóknarholu fyrir olíu. Mikið verk verður að gera hann starfhæfann á ný.

## JARÐHITASTOFNUN INE

Instituto Nicaraguense de Energia (INE), Direction General de Recursos Geotermicos sér um virkjun jarðhitans, en jarðgufuvirkjunin í Momotombo (70 MW) er rekinn af annarri deild. Auk þess eru 175 MW vatsafls virkjað og gastúrbínur en mikið af því óvirkt eða í viðgerð. Ernesto Martinez Tieffer veitir jarðhitastofnuninni forstöðu og Roger Arcia gengur honum næstur, eins og sýnt er á skipuriti í viðauka. Alls starfa um 300 manns á deildinni, en ég fékk ekki jafn góðar upplýsingar um einstakar deildir í Nicaragua og í El Salvador. Flestir vinna við stöðina í Momotombo og veitir nemandi Jarðhitaskólangs frá Nýja Sjálandi frá í fyrra þeiri starfsemi forstöðu, Zacarias Rodrigues, með fjórar undirdeildir og um 150 manns.

Ég skoðaði efnarannsóknarstofu INE í Managua og var hún í litlu bakhúsi og voru tæki bæði gömul og mörg þeirra biluð og aftengd. Perkin Elmer AA, gasgreinir og spectrphotometer voru helstu tækin fyrir utan það blaut-kemiska. Sýni eru greind mánaðarlega úr hverri holu. Þrfr starfsmenn sinna jarðefnafræði og hafa tvö þeirra fengið þriggja mánaða þjálfun í Mexico á þessu ári og jafnmargir sinna sýnatöku. Flestir hafa innanvið tveggja ára starfsreynslu. Ég fékk afrit af niðurstöðum og einnig tók ég með sýni af vatni og gasi til greiningar á Íslandi því starfsfólk ðer óvissit um eigin niðurstöður. Enginn efnaræðinganna talar ensku. Jarðfræðingar, jarðeðlisfr. og vatnajarðfræðingur virðast hafast lítið að en eru með aðstöðu í kjallara og tvar smásjár. Á aðalhæð hússins eru skrifstofur Ernesto og Roger og hefur Roger fengið Olivetti AT tölvu að gjöf frá Ítölunum í ár og var Paolo E. Liguori frá DAL Spa. (Ítal.) að fara yfir töflur sem Roger hafði sett

upp í Harvard Graphics forritinu um breytingar sem mælst hafa á jarðhitasvæðinu.

## MOMOTOMBO

Stöðin í Momotombo framleiddi 64 MW daginn sem hún var skoðuð, en hún er gerð fyrir 70 MW. Fyrsta virkjuni tók til starfa í ágúst 1973 og seinni 35 MW einingin var tekin í notun í febrúar 1989. Á svæðinu hefur gufupúði myndast og dregið úr afli hola um 5% á 7 árum og aukning orðið í gasi í gufu úr 0,5% í 0,7%. Jafnan er sagt að megninu af affallsvatnini sé dælt niður, en engu var dælt niður þann daginn. Virtist að bilun í niðurdælingardælum gæti verið skýringin, en engir tveir voru sammála um ástæðuna. Stöðin er rekin á 9 borholum og eini til vara og aðrar 5 eru notaðar sem niðurdælingaholur, en alls hafa 37 holur verið boraðar (mált hitastig nær frá 220°C á 300 m dýpi og upp í 350°C á 1500 m dýpi). Í viðauka er tafla sem sýnir yfirlit vinnslu í septembermánuði og er athyglisvert hve margar holur eru með hækkaða enthalpí. Electroconsult gerði fyrstu forðarfræðilegu útreikningana 1973 en þeir voru endurteknir 1989 af DAL-Intesa. Tveir nemar HSP í ár hafa verið að vinna úr hita- og þrýstímælingum af svæðinu sem hafa legið ótúlkaðar, og sama er að segja um landa þeirra sem nú er að ljúka námi á Nýja Sjálandi. Rennsli gufu og vatns er skráð daglega úr öllum holum og holur eru sagðar hita- og þrýstímældar einu sinni á mánuði, þótt aðeins væri að sjá stút til þess á niðurdælingarholunni. Okkur voru ekki sýnd mælitækin sem eru notuð á svæðinu, og kom það mér mjög á óvart þegar Ernesto sagði mér að lokinn ferðinni að þeim hefði verið gefinn mjög fullkominn rússneskur mælingabill (andvirði um 1 millj. USD) sem hefði verið geymdur þar í þrjú ár. Hann gæti mælt hita- þrýsting, vídd og geislavirkni.

Stöðin var skoðuð í fylgd með Alfonso Torrez stöðvarstjóra og Zacarias Rodriguez svæðisstjóra og virtist henni og öllum holubúnaði vel við haldið. Upptekt á hverflum fer fram á þriggja ára fresti núorðið. Momotombo stöðin er stölk þróunaraðstoð, hverflar frá Franco Tosi, en einnig lögðu Kanadamenn til tækjabúnað (kæliturna og niðurdælingardælur o. fl.). Við Derek Freestron fluttum erindi fyrir um tuttugu starfsmenn INE og höfðu margir þeirra komið með okkur um morguninn í tveimur jeppum frá Mangua. Í ferðinni sást til Le Hoyo-Monte Galan svæðisins NV af Momotombo sem til stendur að rannsaka og virkja næst með aðstoð Ítala og Sameinuðu Þjóðanna. Boðar verða a.m.k. fjórar holur og tveir 5 MW hverflar settir upp á svæði sem talið er vera með 300°C jarðhitakerfi (OLADE 1983). Kostnaður er áætlaður 12 millj. USD og er áfórmáð að hefja framkvæmdir á næsta ári.

## VIÐTÖL VIÐ STYRKPEGA Í NICARAGUA

Rætt var við fjóra styrkpega af þeim sjö sem Ernesto hafði tilnefnt fyrir aðeins tveimur mánuðum síðan. Ástæða þessara affalla var að tveir eru þegar farnir í nám til Mexico og einn er á fórum til Nýja Sjálands. Alls hlutu tufu Nicaragubúa einhverja þjálfun erlendis á þessu ári.


Þeir sem rætt var við voru eftirfarandi:

1. Enrique Alberto Porras Mendieta, vélaverkfr., 23 ára. Mun útskrifast frá Hásk. Nicaragua í desember 1990. Hann hefur unnið í ca. fimm mánuði á ári hverju hjá INE s.l. tvö og hálft ár, og fengist við úrvinnslu vinnslueftirlits og grafik, en ekki hlotið neina jarðhitabjálfun. Ernesto telur hann efnilegasta verkfæðineman og leggur áherslu á að hann fái þjálfun á Íslandi. Hann hefur kynnst viðhaldið tækja í Momotombo 1989, og kennir 3-4 árs nemendum varma- og straumfræði. Hann talar mjög góða ensku, og er lagt til að honum verði boðin þjálfun hjá HSP 1991 í forðarfæði.
2. Oscar A. Blanco Chávez, byggingaverkfr., 32 ára. Hásk. Nicaragua 1982, Hann vann við borun síðustu fjögurra holanna í Momotombo 1985 og sótti þá einnig bornámskeið við háskólanum í B.C. Mexico í 3 mánuði. Almennt námskeið (3 máan) um jarðhita sótti hann í Mexico (IEE) 1988, og hann hefur verið yfirmaður borteknisviðs INE frá 1988. Þótt boranir hafi ekki verið í gangi sér hann um viðhald á holunum með two verkfr. sér til aðstoðar og 25 starfsmenn. Enskukunnáttá er frekar lítil og hefur hann lokið við fimm mánuði af eins og hálfs árs kúrs hjá American Academy sem er fjóra daga vikunnar. Oscar er gott efni í styrkpega, þegar hann hefur lokið enskunámi.
3. Karla Patricia Mirando, efnaverkfr., kona, 26 ára. Hásk. Nicaragua 1990 og þriggja mánaða þjálfun við Hásk. í Mexico í ár í jarðefnafræði 1990. Karla sér um úrvinnslu efnagreininga og sýndi mér forrit sem hún hefur samið til þess á forritanlega reiknivél. Hún sagðist hafa fengið þjálfun í notkun WATCH og afrit af því, en tölvu skorti til frekari úrvinnslu. Mér leist vel á Körлу, en hún kann ekki ensku. Þetta svíð hefði gott af þjálfun á Íslandi og kom ég ekki auga á neinn sem hefur betra vald á enskunni. Hugsanlegt er að bjóða Körlu styrk 1992 gegn því að hún læri ensku.
4. Jose David Zeledon Gonzales, rafvélavirki, 27 ára, Academia Naval de Cuba 1988. Hann hefur annast rekstur á niðurdælingar-dælum við Momotobostöðina frá 1988. David Zeledon hafði fengið boð um nám í jaðrhítaskólanum á Nýja Sjálandi og átti að mæta þar 11. nóvember - var í bólusetningu fyrrí daginn sem ég átti viðtölin. Á meðan Derek Freeson var á staðnum lögðu Roger Archia og Ernesto að honum að taka frekar David Arana verkfr. sem Ernesto hafði áður

tilnefnt til náms á Íslandi og var fallist á það. Þar eð ég fylgdist með því hvernig þessu fór fram, fannst mér þetta óskemmtileg framkoma gagnvart þeim sem hlut áttu að mali. David hefur hug á að fá þjálfun í forðarfæði og líkanreikningum um áhrif niðurdælingar. Enskukunnáttá er þokkaleg. Ég get mælt með að David sé boðin námsvist, en þar eð hann virðist ekki uppfylla kröfur um háskólapróf, munu reglur UNU ekki leyfa það.

Í samtali við Ernesto Tieffer að loknum viðtölunum kom fram að hann gerir sér grein fyrir skorti á enskukunnáttu og að við getum ekki tekið nemendur fyrir en úr því hefur verið bætt. Hann hefur þó hug á að fá pláss fyrir two nemendur árlega næstu árin og mun sjá til að þau fái tungumálafræðolu. Upp eru áform um virkjun á nokkrum jarðhitavæðum með litlum hverflum við hverja holu á meðan könnun svæðanna fer fram. Hann gerir sér vonir um að hefja boranir snemma á næsta ári með gamla bormum og að jafnvel verði fenginn nýr bor með erlendri aðstoð. Mikið eru um að vera og er maðurinn ofhlaðinn verkefnum, s.l. mánuð komu 26 manns í heimsóknir og því ýmislegt gert í offlýti.


Í ferð minni fór ég um landsvæði sem mikið hafa verið í fréttum vegna ófriðar og pólitískra átaka. Löndin í Mið-Ameriku eru lík um margar hluti og sama tungumál talað - skaði að þau geti ekki átt betri samvinnu. Friður er að færast yfir svæðið og er nú hálft ár frá því stjórn Violettu Chamorro tók við stjórn í Nicaragua eftir 10 ára stjórn Sandinista, og líkur á að pólitískri sátt verði einnig náð í El Salvador. Fá ummerki ófriðarins sáust og virtist mér sem mannfall og hörmungar hefðu verið staðbundnar og jafvel ekki eins miklar og ætla mætti af fréttum. El Salvador er þéttbýlasta land í heimi með um 6 milljónir íbúa á landssvæði sem er fimmþungur af stærð Íslands, en Nicaragua er mun strjálbýlla eða með um 3 millj. manns á eilistið stærra landssvæði en Ísland. Efnahagsásand er bágtr og húsakostur lélegur og heyrði ég nokkra erlendu gestanna á ráðstefnunni spryja - kemur almenningu að gagni sú aðstoð sem veitt er erlendis frá t.d. til jarðhitamála ?

  
Sverrir Pórhallsson

Hjál.


1. Skipurit jarðhitadeildar GEOCEL í El Salvador.
2. Skipurit jarðhitadeildar INE í Nicaragua.
4. Dagskrá ráðstefnunnar: "Seminario International Sobre Perspectivas Geotermicas en America Latina y el Caribe".
5. Samanregnar niðurstöður ráðstefnunnar.
6. Þáttökulisti á ráðstefnu OLADE og CEAC.
7. Nafnspjöld þeirra sem heslt var rætt við.
8. Yfirlit um vinnslu hola í Momotombo.

ORGANIGRAMA  
GERENCIA GEOCEL



NOTA : ACORDADO EN NUMERAL 2.3, PUNTO DE ACTA  
II DE LA SESION No. 2268 , DE FECHA 25  
DE JULIO DE 1989.  
VIGENTE EN AGOSTO/1989.

# DIRECCION GRAL. DE RECURSOS GEOTERMICOS



## PRESENTATIONS' SCHEDULE

Hour	MONDAY, OCTOBER 8	TUESDAY, OCTOBER 9	
		ROOM "A"	ROOM "B"
8:00	PARTICIPANT REGISTRATION	Current Status of Geothermal Resources in Colombia and Development Prospects for the Next Ten Years. Edison Lozano, ICEL, Colombia	Current Status of Geothermal Resources in the Republic of Panamá and its Prospects. Eduardo Reyes, IRHE, Panamá.
8:30		Current Status of Geothermal Resources in Honduras and Development Prospects for the Next Ten Years. Oscar Pagoaga, ENEE, Honduras.	Current Status of Geothermal Resources in Chile and its Prospects. Marcia Zelada, CNE, Chile.
9:00	INAUGURATION CEREMONY OF SEMINAR AND EXHIBITION	Current Status of Geothermal Resources in Venezuela and Prospects. Pablo Varela, MEM, Venezuela.	Geothermal Exploration Studies at Tecuamulco Volcano, Guatemala. Wendell Duffield, USGS, USA.
9:30		Current Status of Geothermal Resources in Grenada and Development Prospects for the Next Ten Years. John Auguste, MF, Grenada.	Prefeasibility Geothermal Assessment of Platanares, Department of Copán, Honduras. Sue Goff, LANL, USA.
10:00	B R E A K	B R E A K	B R E A K
10:30	Geothermal Development in Latin American and the Caribbean. Antonio Razo, OLADE	B R E A K	B R E A K
11:00	Current Status of Geothermal Resources in El Salvador and Development Prospects for the Next Ten Years. Rodolfo Cáceres, CEL, El Salvador.	Fluid Chemistry of Exploited Geothermal Systems. Alfred Truesdell, USGS, USA.	Magnetotelluric Prospection in Ahuachapán-Chipilapa. José Romo, CICESE, México.
11:30	Current Status of Geothermal Resources in Guatemala and Development Prospects for the Next Ten Years". Andrés Caicedo, INDE, Guatemala.	Geothermal Reservoir Engineering at the IIE: Investigation, Development and Applications. Eduardo Iglesias, IIE, México.	Geochemical Exploration of the Berlin Geothermal Field. Alejandro Campos, CEL, El Salvador.
12:00	Current Status of Geothermal Resources in Nicaragua. Roger Arcia Lacayo, INE, Nicaragua.	Geothermal Reservoir Engineering, Recent Advances and Applications. Marcelo Lippmann, LBL, USA.	Geological Methods Applied to Geothermal Exploration in the Fields of Ahuachapán and Chipilapa, El Salvador, C.A. Eduardo González, IIE, México.
12:30	L U N C H	L U N C H	L U N C H
14:00	Current Status of Geothermal Resources in Ecuador and Development Prospects for the Next Ten Years. Eduardo Almeida, INECEL, Ecuador	Geothermal Reservoir Engineering, Gabriel Moreno Pecero, UNAM, México	Problems in the Drilling of Development Wells at the Cerro Prieto Field, B.C., México. Ernesto Reguera, COPERTLASA, México.
14:30	Current Status of Geothermal Resources in Bolivia and Development Prospects for the Next Ten Years. Enrique Gómez, ENDESA, Bolivia.	Analysis of Borehole Conditions in Three Central American Geothermal Fields. Robert Lawton, LANL, USA.	Problems Related to the Loss of Circulation in Geothermal Wells. Sócrates Santoyo, IIE, México.
15:00	Geothermal Activities in México and Development Prospects for the Next Ten Years. Gerardo Hirhart, CFE, México.	METRE: A Movable Unit for the Internal Measurement of Geothermal Wells. Eduardo Iglesias, IIE, México.	Main Problems in Geothermal Wells and their Solutions. Jaime Vaca, CFE, México.
15:30	B R E A K	B R E A K	B R E A K
16:00	Investigative Studies and Development of Geothermal Projects in Brazil; Current Status and Prospects. Valiya M. Hamza, IPT, Brazil.	State of the Art in Geothermal Power Plants. Ronald Dipippo, SMU, USA	
16:30	Current Status of Geothermal Resources in Costa Rica and Prospects.. Alexis Alvarado, ICE, Costa Rica	Characteristics of Steam Turbines for 2-30 MW Geothermoelectric Plants. Alejandro Rodríguez, EPN, México.	Problem Diagnosis Related to Production in Geothermal Wells. Víctor Arellano, IIE México.
17:00	Geothermal Prospects in Perú, Félix Portilla Salas. Electroporú, S.A., Perú.	Exploitation of Low-Enthalpy Geothermal Resources. Eduardo Granados, Geothermex, USA.	Main Problems and Solutions for Geothermal Exploration and Exploitation in Guatemala. Jorge Juárez, INDE, Guatemala.
17:30	Geothermal Energy in Argentina. José María Galante, S.E. Argentina.	Binary Power Plants Using Geothermal Sources. Ami Yarimi, ORMAT, Israel.	Management of the Ahuachapán Geothermal Field. Miguel Hernández, CEL, El Salvador.
19:00	SOCIAL EVENT SPONSORED BY EXHIBITORS IN THE TECHNICAL EXPOSITION		

## PRESENTATIONS' SCHEDULE

Hour	WEDNESDAY, OCTOBER 10	T H U R S D A Y , O C T O B E R 11	
		ROOM "A"	ROOM "B"
8:30	<b>FIELD TRIP TO THE AHUACHAPAN AND CHIPILAPA GEOTHERMAL FIELDS.</b> (8:30 a 17:00)	Resources and Development Perspectives of Geothermal Energy in Central and South America. Andrea Merla, Italian Geothermics, Italy.	Exploitation of Low-Enthalpy Geothermal Resources: Technical-Economic Feasibility Limits. Valiya Hamza, IPT, Brazil.
9:00		Methods for Geothermal Development and Exploitation. Paolo Liguori, DAL, Italy.	Design and Installation of an Experimental Dehydrating Plant Using Geothermal Heat. Rodrigo Guerra, SETISA, El Salvador.
9:30		Economic adequacy of Geothermal Power Generation in Relation to Drilling Costs and Oil Prices. M. Girelli, ELC, Italy.	Environmental Aspects of Geothermal Exploitation. Luis Lam, IIE, México.
10:00		Financial Risks in Geothermal Projects. Juan Ignacio Andaluz, CFE, México.	Methods for Estimating the Environmental Impact of Geothermal Projects. Pablo Hernández, CEL, El Salvador.
10:30		<b>B R E A K</b>	<b>B R E A K</b>
11:00		Training: A Basic Strategy for the Development of Geothermal Energy in Latin America and the Caribbean. Héctor Campbell, UABC, México.	Noise Control in Geothermal Plants. Eduardo Pineda, IIE, México.
11:30		Geothermal Energy in Iceland and the United Nations University Geothermal Training Programme. Sverrir Thorhallsson, Iceland.	Outlook on the Participation of Latin America and the Caribbean in the Development of Geothermal Technology. Roberto Hurtado, UABC, México.
12:00		Geothermal Training at Auckland. Derek Freeston, Geothermal Institute, New Zealand.	
12:30			<b>L U N C H</b>

## FINAL SCHEDULE

Hour	THURSDAY, OCTOBER 11
14:00	<b>G L O B A L S E S S I O N</b>
15:30	<b>B R E A K</b>
16:00	<b>C L O S I N G C E R E M O N Y</b>
19:00	<b>S O C I A L E V E N T</b>

## TECHNICAL EXHIBITION MONDAY, OCTOBER 8, 1990

- 9:00 – 10:00 Inauguration Ceremony by The President of the Republic of El Salvador, Lic. Alfredo F. Cristiani B.
- 10:00 – 22:00 Exhibition open to the attendees..  
19:00 Social event hosted by Exhibitors.

**TUESDAY, OCTOBER 9, 1990**  
8:00 – 19:00 Exhibition open to the attendees..

**THURSDAY, OCTOBER 11, 1990**  
8:00 – 18:00 Exhibition open to the attendees..  
Place: Anteroom of the Salon El Salvador, Hotel Presidente.

## OBSERVACIONES Y CONCLUSIONES SOBRE LAS PRESENTACIONES DE LOS EXPERTOS Y PARTICIPANTES EN EL SEMINARIO

A continuación se presenta a consideración de los expositores y participantes, una síntesis de los principales temas tratados durante las sesiones celebradas del 8 al 11 de Octubre de 1990.

